

## 9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 10. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

### um sorphirðu í Hálshreppi.

## 1. gr.

Sorphirðugjald í Hálshreppi skal vera kr. 2.500 ár hvert samkvæmt 7. gr. samþykktar um sorphirðu í Hálshreppi frá 10. febrúar 1995.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

## 2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

*Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 583/1993.

## 1. gr.

5. liður 62. gr. B samþykktarinnar hljóðar svo:

*Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer með verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. 32. gr. laga nr. 40/1991, verkefni áfengisvarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991, verkefni húsaleigunefndar skv. lögum nr. 44/1979, sbr. og 49. gr. laga nr. 40/1991. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga nr. 82/1989.